



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Garðplöntufræðingur

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- býr yfir viðtækri sérþekkingu á plöntutegundum sem henta fyrir íslensk ræktunarskilyrði
- velur og beitir fjölgunar- og ræktunaraðferðum plantna sem henta hverju sinni og beitir ræktunartækni við úrlausn á vandamálum sem geta komið upp í framleiðslunni. Ber ábyrgð á gæðum plantna sem hann framleiðir
- setur upp ræktunaráætlanir fyrir garðplöntuframleiðslu við íslensk skilyrði og fylgir þeim eftir, þar með talið val á tegundum og yrkjum, fjölgunaraðferðum, viðeigandi jarðvegsefnum, uppeldi í gróðurhúsum og utan þeirra, pottastærðum, viðeigandi áburðargjöf og vatnspörf og viðbrögð við meindýrum og sjúkdómum
- skipuleggur ræktunarsvæði á hagkvæman og skilvirkan hátt, er meðvitaður um umhverfisáhrif og þekkir leiðir til að fyrirbyggja neikvæð áhrif
- tekur sjálfstæðar ákvarðanir og leiðbeinir um val og meðferð á plöntum
- getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum
- getur sett upp rekstraráætlanir og er hæfur til að skipuleggja og stýra eða reka garðyrkjustöð eða aðra starfsemi með hagkvæmum hætti
- gætir að öryggi á vinnustað, m.a. með notkun persónuhlífa.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Garðplöntufræðingur/garðyrkjufraeðingur á sviði garðplöntuframleiðslu starfar við garð- og skógarplöntuframleiðslu. Hann starfar ýmist við eigin rekstur, í garð- og skógarplöntustöð eða á vegum sveitarfélags, þá gjarnan sem verkstjóri eða garðyrkjustjóri. Garðplöntufræðingur/garðyrkjufraeðingur sér um sölu á plöntum og veitir viðskiptavinum ráðgjöf um allt er varðar ræktun plantna í gördum og á opnum svæðum.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Landbúnaðarháskóli Íslands, Starfs- og endurmenntunardeild, Reykjum Ölfusi	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneyti
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar</b> Viðbótarnám til stúdentsprófs	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Nám í garðyrkjuframleiðslu með áherslu á garð- og skógarplöntur skiptist í bóklegt nám, 4 annir við Starfs- og endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum Ölfusi og verklegt nám í alls 72 vikur á viðurkenndum verknámsstað undir handleiðslu garðyrkjufræðings. Af 72 vikna verknámi eru 60 vikur dagbókarskyldar og er dagbók metin til einkunnar. Alls er námið 136 einingar, 76 einingar bóklegt og 60 verknám.

### Inngönguskilyrði

Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikna reynslutíma við alhliða garðyrkjustörf auk hluta af verknámi áður en þeir hefja bóknað. Heimilt er að meta reynslu úr atvinnulífi til hluta fornáms á framhaldsskólastigi og er það skoðað hverju sinni.

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)